



## TM - Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2020

Góður fjórðungur hjá TM

- Hagnaður TM samstæðunnar á tímabilinu nam 979 m.kr. eftir skatta
- Ávöxtun fjárfestinga á fjórðungnum var 2,5%
- Framlegð váttrygginga var jákvæð um 457 m.kr. og samsett hlutfall 89,2%
- Hagnaður af fjármögnunarstarfsemi nam um 143 m.kr.
- Hagnaður samstæðunnar af rekstri fyrstu níu mánuði ársins var 1.256 m.kr.
- Hagnaður fyrir skatta næstu 12 mánuði er áætlaður um 3 ma.kr.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

*„Afkoma TM samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi þróast mjög til hins betra frá fyrra ári og niðurstaðan er hagnaður upp á 979 m.kr. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá meira jafnvægi milli þriggja stöða starfseminnar, váttrygginga, fjármögnunar og fjárfestinga.*

*Samsett hlutfall váttrygginga var 89,2% á fjórðungnum og batnar nokkuð frá fyrra ári. Munar þar mestu um vægi stórtjóna, sem var mun meira á síðasta ári. Iðgjöld tímabilsins lækka nokkuð, en samdráttur í tjónum er meiri og niðurstaðan því bætt samsett hlutfall og aukin framlegð af váttryggingum milli ára.*

*Afkoma Lykils fjármögnunar er með ágætum á fjórðungnum og mjög góður gangur hefur verið í nýjum bílálánum undanfarna mánuði. Ávöxtun fjárfestingaeigna á fjórðungnum nam 2,5% og munar þar mestu um mjög góða ávöxtun af skráðum hlutabréfum og góða ávöxtun af eignatryggðum skuldabréfum.*

*Aftur er starfsemi TM, eins og margra annarra fyrirtækja, með þeim hætti að stór hluti starfsmanna vinnur að heiman og þjónustuskrifstofur félagsins eru lokaðar. Ríkjandi ástand er stór áskorun fyrir allt starfsfólk TM, sem hefur tekist á við verkefnið með einstökum hætti. Þá hefur þjónusta við viðskiptavinum þrátt fyrir allt gengið nánast hnökralaust, þökk sé þeim þjónustuleiðum sem félagið hefur þróað á undanförunum árum og gera viðskiptavinum kleift að sækja þjónustu TM án þess að gera sér ferð á þjónustuskrifstofu.*

*Í lok september var tilkynnt um viðræður Kviku banka og TM um sameiningu. Viðræðurnar hafa gengið vel og stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir á næstu vikum. Gangi áform um sameiningu eftir verður sameinað félag fjárhagslega sterkt og með alla burði til að sækja fram á öllum helstu sviðum fjármála- og tryggingaþjónustu.*

*Rekstrarspá TM gerir nú ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2020 verði um 94% og að hagnaður af rekstri verði um 1,9 ma.kr. Til næstu 12 mánaða er gert ráð fyrir að hagnaður fyrir skatta verði um 3 ma.kr.“*

### **Samsett hlutfall á fjórðungnum 89,2%**

Eigin iðgjöld á þriðja ársfjórðungi drógust saman um 4,6% borin saman við sama tímabil árið 2019. Ástæður samdráttarins eru einkum sú stefna félagsins að draga úr umsvifum í erlendum skipatryggingum og samdráttur í ferðaþjónustu. Eigin tjón lækkuðu hins vegar um 11,9%, sem skilar lækkun samsetts hlutfalls á tímabilinu. Samsett hlutfall á fjórðungnum var 89,2% samanborið við 93,6% á þriðja fjórðungi 2019 og munar þar mestu um færri stórtjón.

Fyrstu níu mánuði ársins var framlegð váttrygginga 748 m.kr. og nokkuð betri en fyrstu níu mánuði ársins 2019 þegar hún var 607 m.kr. Samsett hlutfall fyrstu níu mánuði ársins er einnig betra en árið 2019, lækkar úr 95,1% í 94,0%.

### **Hagnaður Lykils fjármögnunar nam 143 m.kr.**

Afkoma Lykils á þriðja ársfjórðungi 2020 þróaðist með jákvæðum hætti samanborið við sama ársfjórðung árið 2019 og hagnaður tímabilsins var 143 m.kr. borið saman við 111 m.kr. á fyrra ári.

Góður gangur hefur verið í nýjum bílalánnum á árinu, einkum yfir sumarmánuðina, og staða leigusamninga og útlána jókst um 12,6% á fyrstu níu mánuðum ársins. Afkoma Lykils fyrstu níu mánuði ársins er lituð af vaxtalækkunum, hagræðingaraðgerðum og ekki síst COVID-19 faraldrinum og má rekja megnið af virðisrýrnun útlána á tímabilinu, samtals 675 m.kr., til faraldursins.

### **Góð ávöxtun af fjárfestingum á fjórðungnum**

Fjárfestingatekjur námu 684 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2020, sem jafngildir 2,5% ávöxtun. Mjög góð ávöxtun var af skráðum hlutabréfum sem hækkuðu um 13,9% á fjórðungnum. Stærstu eignirnar hækkuðu mjög mikið, eða á bilinu 11,0%-16,7%. Þá var einnig góð afkoma af eignatryggðum skuldabréfum sem hækkuðu um 2,9%. Á móti kemur að afkoma af ríkisskuldabréfum og öðrum verðbréfum var slök.

Á fjórðungnum varð töluverð breyting á skuldabréfasafni félagsins. Þannig voru löng eignatryggð skuldabréf seld og í staðinn fjárfest í lausafjárskjóðum og ríkisskuldabréfum. Líftími skuldabréfasafnsins stýttist þannig um rúmt ár og var 5,2 ár í lok fjórðungsins.

Fjárfestingatekjur námu 1.896 m.kr. fyrstu níu mánuði ársins sem jafngildir 7,3% ávöxtun.

### **Hagnaður næstu 12 mánaða áætlaður um 3 ma.kr.**

Rekstrarspá félagsins til næstu 12 mánaða gerir ráð fyrir að hagnaður verði um 3 ma.kr. fyrir skatta og að samsett hlutfall váttrygginga verði um 93%. Afkoma fjármögnunar er áætluð um 460 m.kr. og ávöxtun fjárfestinga um 6,4%.

## **Kynningarfundur kl. 16.15 fimmtudaginn 29. október**

Kynning á afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldin þann 29. október kl. 16.15. Þar kynni Sigurður Viðarsson forstjóri uppgjörið og svarar spurningum. Vegna gildandi samkomutakmarkana fer kynningin eingöngu fram á vefnum á slóðinni TM.is/fjarfestar og hægt verður að senda inn spurningar í gegnum netfangið [fjarfestar@tm.is](mailto:fjarfestar@tm.is) á meðan kynningu stendur.

Árshlutareikning og afkomutilkynningu verður hægt að nálgast á vef félagsins, TM.is. Kynning á uppgjörinu verður einnig aðgengileg á sama stað við upphaf kynningarfundar.

## **Fjárhagsdagatal 2020.**

4. ársfjórðungur: 17. febrúar 2021.

Aðalfundur 2021: 18. mars 2021.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Viðarsson, forstjóri TM.

s: 515-2609.

[sigurdur@tm.is](mailto:sigurdur@tm.is).

*\*Samsett hlutfall er reiknað út í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands nr. 1/2020, en hlutfallið er samanlagt tjónshlutfall, kostnaðarhlutfall og endurtryggingahlutfall reiknað út frá iðgjöldum tímabilsins. Ekki er tekið tillit til vaxta- og gengisbreytinga í samsettu hlutfalli.*